

FW: Greining á forsendum strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og samantekt samráðsvinnu.

**Til** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Frá** : Þráinn Ágúst Arnaldsson  
**Heiti** : FW: Greining á forsendum strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og samantekt samráðsvinnu.  
**Málsnúmer** : 2018070017  
**Málsaðili** : Vestfjarðastofa ses.  
**Skráð dags** : 16.04.2021 13:55:17  
**Höfundur** : Þráinn Ágúst Arnaldsson

[Þú að fá þetta?](#)

[Með kveðju](#)

Þráinn Ágúst Arnaldsson, Bókhald  
450 8045 - 848 0321 – [thrainna@isafjordur.is](mailto:thrainna@isafjordur.is)

---

**From:** Ester Anna Ármannsdóttir - SLS [<mailto:Ester.Armannsdottir@skipulag.is>]

**Sent:** föstudagur, 16. apríl 2021 13:46

**To:** hafskipulag - SLS

**Subject:** Greining á forsendum strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og samantekt samráðsvinnu.

Góðan dag,

Skipulagsstofnun hefur gefið út forsendu- og samráðsskýrslur vegna vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Skýrslurnar eru liður í undirbúningsvinnu vegna strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum, en á skipulagssvæðinu fer fram fjölbreytt starfsemi og auðlindanýting og útivist af ýmsum toga auk þess sem að því liggja mikilvæg fuglasvæði og fjöldi selalátra, ásamt svæðum sem njóta verndar vegna gróðurfars, landslags, dýralífs og náttúruminja.

Annars vegar er um að ræða forsenduskýrslu þar sem sett eru fram upplýsingar um núverandi nýtingu og vernd svæðisins auk þess sem fjallað er um ýmis stefnumál stjórnvalda sem varðar svæðið með einum eða öðrum hætti. Hins vegar er um að ræða samráðsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og sjónarmiðum sem komu fram á samráðsfundum með hagsmunaaðila af svæðinu og í samráðsvefsjá sem aðgengileg var á netinu. Saman fela skýrslurnar í sér víðtæka greiningu á núverandi nýtingu og vernd á og við skipulagssvæði ásamt því að gefa innsýn inn í sjónarmið heimamanna og hagsmunaaðila um áskoranir og tækifæri hvað varðar framtíðarnýtingu svæðisins. Hlekkir á skýrslurnar fylgja hér fyrir neðan en þær má einnig nálgast ásamt nánari umfjöllun um verkefnið á vef skipulags á haf- og strandsvæðum, [hafskipulag.is](http://hafskipulag.is). Skipulagsstofnun þakkar fyrir veittar upplýsingar og þátttöku í samráði við greiningu á forsendum fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.

Á grundvelli forsendu- og samráðsskýrslunnanna verða á næstu vikum og mánuðum mótuð tillaga að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum í samræmi [við lýsingu verkefnisins](#). Vinna við mótnuð tillögu felst meðal annars í gerð mismunandi sviðsmynda um framtíð svæðisins, ásamt mati á áhrifum þeirra. Þær sviðsmyndir verða birtar á hafskipulag.is. Við gerð tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði mun svæðisráð og Skipulagsstofnun hafa samráð við ráðgefandi aðila og samráðshóp sem er svæðisráði til rágjafar og samráðs við gerð strandsvæðisskipulags í samræmi við lög um skipulag haf- og strandsvæða.

-  
-

[Samfélag, nýting, náttúra – Greining á forsendum fyrri gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum](#)  
[Afrakstur samráðs – Samantekt samráðsvinnu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum](#)

---

**Ester Anna Ármannsdóttir**

Verkefnastjóri hafskipulags / Project Manager, Marine Spatial Planning  
Svið stefnumótunar og miðlunar / Strategy and Communications  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100

[Ester.Armannsdottir@skipulag.is](mailto:Ester.Armannsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)